

Teiknistofa Guðrúnar Jónsdóttur  
Tjarnargata 4  
101 Reykjavík

Umhverfisstofnun	
Áb.	_____
12. júlí 2011 10.4.2	
Tilv.	_____



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 6. júlí 2011  
Tilvísun: UST20100600219/ksj

### Aðalskipulag Eyja- og Miklaholtshrepps 2008-2020.

Vísað er til erindis skipulags- og byggingafulltrúa Helgafellssveitar og Eyja- og Miklaholtshrepps er barst 23. febrúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um endurskoðaða tillögu að aðalskipulagi Eyja- og Miklaholtshrepps 2008-2010, en Umhverfisstofnun veitti umsögn um tillöguna með bréfi dags. 30 nóvember 2010.

Aðalskipulag Eyja- og Miklaholtshrepps 2008-2020 er stefnumörkun sveitarfélagsins um þróun byggðar og er tillögunni ætlað að skapa rými til eflingar atvinnulífs og skilgreina svæði fyrir nýjar atvinnugreinar. Einnig eru settar fram leiðir að markmiðum og helstu áhersluatriðum.

Erindinu fylgir endurskoðuð greinargerð og uppdráttur.

Umhverfisstofnun benti á í fyrri umsögn sinni á, að á uppdráttinn vantaði landnotkunarflokkinn (ræktað land) í skýringar. Þetta hefur ennþá ekki verið lagað en í greinargerð bls.18 er hins vegar að finna skilgreiningu svohljóðandi: „Ræktað land, þar er fyrst og fremst átt við tún og önnur ræktað svæði, s.s. kornakra og grænmetisrækt.“

### Virkjanir

Umhverfisstofnun gerði athugasemd varðandi virkjanir í aðalskipulagstillögu en í fyrri tillögu var gert ráð fyrir þremur smávirkjunum þ.e. Baulárvirkjun, og virkjunum í landi Miðhrauns og Dalsmynnis. Virkjanir í landi Miðhrauns og Dalsmynnis eru áætlaðar í ám sem falla í Núpá í Núpárdal og er fiskgeng um 7 km. Áin er aðallega silungsveiðiá, en vart hefur orðið við lax þar einnig. Samkvæmt heimasíðu landssambands veiðimanna er veiðifélag árinna með áætlanir um að koma upp góðu veiðihúsi við ána. Umhverfisstofnun benti á að ekki kæmu fram nægar upplýsingar í aðalskipulagstillögunni til þess að hægt væri að taka afstöðu til þeirra áætlana um virkjanir í sveitafélaginu sem þar koma fram. Þyrfti að fjalla um virkjanir í umhverfisskýrslu og skoða áhrif þeirra framkvæmda á umhverfið. Í fyrri greinargerð kom fram að stærð áætlaðra virkjana liggi ekki fyrir og ekki kom heldur fram hvort um væri að ræða rennslisvirkjanir eða virkjanir með miðlunarlóni. Í fyrri drögum að umhverfisskýrslu var ekki fjallað um virkjanir. Í Eyja- og Miklaholtshreppi hefur verið reist

virðjun skammt frá Baulárvallavatni í Straumfjarðará, er nefnist Múlavirðjun. Í áætlunum framkvæmdaaðila var gert ráð fyrir að Múlavirðjun þyrfti ekki að fara í mat á umhverfisáhrifum og að virðjunin yrði 1,9 MW. Skipulagsstofnun komst að þeirri niðurstöðu að Múlavirðjun væri ekki matskyld. Nú þegar Múlavirðjun hefur verið reist er virðjunin 3,1 MW að stærð.

Í endurskoðaðri tillögu að aðalskipulagi Eyja- og Miklaholtshrepps er nú liggur fyrir eru sýndar 6 vatnsaflsvirðjanir, sem falla undir skilgreiningu iðnaðarsvæða skv. Skipulagsreglugerð nr. 400/1998. Þar ber fyrst að nefna Múlavirðjun sem samkvæmt virðjunarleyfi iðnaðarráðuneytisins er 3.228 KW að stærð. Þar næst er virðjun fyrirhuguð við Grímsá í landi Miðhrauns en gert er ráð fyrir að reisa þar allt að 400 KW virðjun. Fyrirhuguð er einnig virðjun í landi Dalsmynniss en ekki hefur verið ákveðin stærð. Í landi Þverár er starfrækt 15 KW virðjun, fyrirhuguð ný 18 KW virðjun í Þverá og að lokum fyrirhuguð heimavirðjun á Hjarðarfelli en stærð hefur ekki verið ákveðin.

Umhverfisstofnun bendir á að allar vatnsaflsvirðjanir 200 KW eða stærri eru matskyldar samkvæmt lögum 106/2000 en þar segir að framkvæmdir sem kunna að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og metið er í hverju tilviki með tilliti til eðlis, umfangs og staðsetningar hvort skuli háðar mat. Þetta á við bæði um Múlavirðjun og fyrirhugaða virðjun við Grímsá í landi Miðhrauns.

Umhverfisstofnun gerði athugasemd við fyrri drög að aðalskipulagi Eyja- og Miklaholtshrepps um að það vantaði upplýsingar um stangveiði í Núpá og virðjanir samhliða. Ekki hefur verið bætt úr þessu og telur Umhverfisstofnun slíkt nauðsynlegt í ljósi fyrirhugaðra virðjanaframkvæmda.

## **Opin svæði til sérstakra nota**

### **Golfvöllur**

Umhverfisstofnun gerði athugasemd við staðsetningu golfvallar á Stakkhamarsnesi (Löngufjörum) vegna náttúruverndaráætlunar og benti á að skoða þyrfti fleiri möguleika. Skoða þyrfti áhrif stefnu um uppbyggingu golfvallar á Stakkhamarsnesi m.a. á fuglalíf, áhrif á sjávarlíf og sjávargróður nærri nesinu ásamt áhrif á gróður og jarðveg á nesinu, útivist og náttúruminjar. Taldi stofnunin fuglaskoðun og útivist henta betur í stefnumótun svæðisins þar sem áætlanir eru uppi um að taka á móti fleiri ferðamönnum.

Í endurskoðuðu aðalskipulagi er ennþá gert ráð fyrir golfvelli á Stakkhamarsnesi í landi Stakkhamars en svæðið er á náttúruminjaskrá nr. 214. Umhverfisstofnun bendir á að framkvæmdin kunni að vera háð mati á umhverfisáhrifum framkvæmda skv. nr. 106/2000 Viðauka 2. Umhverfisstofnun bendir á að Löngufjörur eru á náttúruminjaskrá.

### **Efnisnámur**

Umhverfisstofnun vakti athygli á því í umsögn sinni um fyrri drög að á jörðinni Eiðshús voru merktar 3 mismunandi námur í sömu jarðmynduninni. Stofnunin mælti með því að reynt yrði að nýta einn efnistökuastað í einu, svo ekki væri verið að opna námur á mörgum stöðum í sömu jarðmyndun. Á jörðinni Fáskrúðarbakki var náma N6 á listanum yfir námu sveitarfélagsins en þegar hefur verið gengið frá þeirri námu. Umhverfisstofnun benti á að

ekki væri heppilegt að efnistaka jarðeiganda til einkanota sé úr þeim bakka, sem búið sé að ganga frá.

Í endurskoðuðum drögum að aðalskipulagi kemur fram að nú er fyrirhuguð náma merkt N9 í landi Fáskrúðarbakka. Einnig kemur fram að áætluðum námum á jörðinni Eiðshús hefur verið fækkað úr 3 í 2 í sömu jarðmynduninni, sem er í rétta átt. Umhverfisstofnun bendir á eins og áður að ekki sé æskilegt að opna fleiri en 1 námu í sömu jarðmyndun, en telur þó fækkun úr 3 námum í 3 vera skref í rétta átt.

### **Frístundabyggð**

Í aðalskipulagi Eyja- og Miklaholtshrepps 2008-2020 er víða gert ráð fyrir frístundabyggð. Umhverfisstofnun benti á í fyrri umsögn að fyrirhuguð frístundabyggð sem næði niður að sjó á svæði merktu nr. 214 (Löngufjörur) á náttúruminjaskrá, samræmdist ekki skipulagsreglugerð nr. 400/1998. Stofnunin benti á í fyrri umsögn að sérstaklega þurfi að vanda til útfærslu frístundabyggða sem áætlaðar eru á friðuðu svæði.

Í endurskoðuðum drögum að aðalskipulagi er nú gert ráð fyrir að greina þurfi landslag fyrirhugaðra svæða fyrir frístundabyggð áður en deiliskipulagning þeirra hefst til að kanna hvort framkvæmdir séu í samræmi við 37. gr laga nr. 44/1999 um náttúruvernd og annarra greina þeirra laga.

Samkvæmt endurskoðuðum drögum að aðalskipulagi er ennþá gert ráð fyrir frístundabyggð á svæði nr. 214 (Löngufjörur) niður að sjó og bendir stofnunin enn og aftur á að slíkt skipulag fer gegn skipulagsreglugerð nr. 400/1998 en þar segir í gr. 4.14.2 *Vötn, ár og sjór í skipulagsáætlunum* að: *“Almennt er ekki gert ráð fyrir deiliskipulagningu þessara svæða en í deiliskipulagi aðliggjandi svæða utan þéttbýlis skal þess gætt að ekki sé byggt nær vötnum, ám eða sjó en 50 m og að ekki verði hindruð leið fótgangandi meðfram þeim.”*

Umhverfisstofnun bendir aftur á að gæta þurfi að þessu sem og hinu mikla fuglalífi sem er við Löngufjörur og hve mikilvægt er að skipuleggja því ekki of nærri fjörunni. Enn fremur bendir stofnunin á að stefna stjórnvalda samkvæmt *Velferð til framtíðar*, er að réttur almennings að frjálsum aðgengi að náttúru landsins (almannaréttur) verði ekki skertur nema þegar brýna nauðsyn ber til vegna náttúruverndarsjónarmiða. Þar kemur einnig fram að taka skuli tillit til útivistargildis svæða við skipulag og ákvarðanir um landnýtingu. Við endurskoðun náttúruverndarlaga verði áhersla lögð á að styrkja ákvæði um almannarétt.

### **Vatnsból og vatnsverndarsvæði**

Í umfjöllun um vatnsból og vatnsvernd kemur fram að upplýsingar um vatnsból innan sveitarfélagsins liggja ekki fyrir og að stefnt er að því að kortleggja þessi svæði á næstu 5 árum. Umhverfisstofnun bendir á að reglugerð um neysluvatn sem hefur að markmiði að vernda heilsu manna með því að tryggja að neysluvatn sé heilnæmt og hreint, er frá árinu 2001, nr. 536 og í þeirri reglugerð kemur fram að: *„Gæði neysluvatns skulu uppfylla ákvæði þessarar reglugerðar (536/2001) fyrir 5. desember 2003“.*

### **Frárennsli**

Í greinargerð kemur fram að frárennsli innan sveitarfélagsins frá sveitabýlum og sumarbústöðum fari í nánast öllum tilvikum í rotþró. Einnig kemur fram að Heilbrigðiseftirlit Vesturlands hefur eftirlit með losun rotþróa, samanber ákvæði reglugerðar

nr. 798/1999 m.s.br. um fráveitur og skólp. Umhverfisstofnun bendir á að í sömu reglugerð kemur fram í gr. 16.1að: „ Í hverfi íbúðarhúsa, fristundahúsa, atvinnuhúsnæðis og þar sem fram fer umfangsmikið tómstundastarf skal komið á sameiginlegu fráveitukerfi, sbr. þó 3. mgr. 18. gr. Þar sem skólpi frá einstökum húsum eða fristundahúsum verður ekki veitt í sameiginlega fráveitu skal veita því eftir vatnsheldum lögnum í rotþrær og siturlögn eða sandsíu eða annan sambærilegan búnað.”

Virðingarfyllt

Ólafur A. Jónsson  
Deildarstjóri

Kristín S. Jónsdóttir  
Kristín S Jónsdóttir  
Sérfræðingur

Skipulagsstofnun